

Reykjavík, 1. mars 2013

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Varðar: Framkvæmdir við nýja olúbirgðastöð á Ísafirði

Með vísan í bréf Umhverfissráðuneytisins dags 2. júlí 2012 þar sem heimild til áframhaldandi reksturs olúbirgðastöðva á Ísafirði án starfsleyfis var skilyrt því að Umhverfisstofnun væri send skýrsla um framgang mála, upplýsir Olúdreifing að staða einstakra verkþátta í byggingu nýrrar birgðastöðvar á Mávagarði er eftirfarandi:

Lóðaúthlutun

Ísafjarðarbær úthlutaði félaginu lóðinni Mávagarði, lóð F þann 16. júlí 2012.


Lóð

Burðarþolsmælingar sem Ísafjarðarbær framkvæmdu að beiðni Olúdreifingar leiddu í ljós að lóðin var ekki byggingarhæf fyrir þau mannvirki sem þurfti og þyrfti að fergja lóðina, þrátt fyrir að í samningi um lóðina hefði átt að skila henni byggingarhæfri þann 20. ágúst 2012.

Verkfræðistofan VSÓ gerði sigmælingar og tillögu um fergingu, sem byggt var á við ákvörðun um fergingu. Gerður var samningur við Ísafjarðarbæ um framkvæmdina sem gerir ráð fyrir afhendingu lóðarinnar til framkvæmda 1. mars 2013.


Eftir að fargið kom á í lok nóvember hafa verið framkvæmdar 6 sigmælingar, eins og sjást á meðfylgjandi línuriti.

Gefa þær til kynna að sigi sé lokið.



Mynd 1: Sigmælingar á fergingu

Hins vegar kom í ljós við uppmælingu sem framkvæmd var, að fargið var ekki rétt staðsett á lóðinni, þannig að sá hluti lóðarinnar, sem staðsetja á hæstu geymana á, var ekki fullfergð, sjá Mynd 2, þrátt fyrir niðurstöður sigmælingar.



Mynd 2: Snið í farg á Mávagarði

Ljóst er að þessi mistök munu því miður seinka ferlinu, þar sem færa þarf fargið. Hins vegar er hægt að setja allt farg á lóðinni á þetta svæði, svo sigið ætti að taka styttri tíma en ella.

Samkvæmt upplýsingum frá Ísafjarðarbæ er verið að undirbúa tilfærslu á farginu. Verkfræðistofan Verkís hefur það verkefni að mæla aftur og setja út breytingar í samræmi við innsendar teikningar ásamt nýjum mælipunkti. Vonast er til að verkið farið af stað í næstu viku.

Ætla má amk mánuð í aukinn feringartíma vegna þessa.

Leyfi

Umhverfisstofnun veitti stöðinni starfsleyfi þann 18. október 2012.

Sótt var um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar þann 9. júlí 2012, Teikningar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun, en formlegt samþykki byggingarfulltrúa hefur ekki borst.

Framkvæmdir

Verklegar framkvæmdir eru ekki hafnar og verður ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en feringu er lokið, en undirbúningur útboða og annarra framkvæmda stendur yfir, en áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir gætu tekið 3 mánuði frá afhendingu byggingarhæfrar lóðar.

Niðurstaða

Ljóst er því að ekki verður hægt að taka birgðastöðina í notkun og afleggja undanþágustöðvarnar fyrir 31. mars 2013.

Ef miðað er við að leiðrétt farg þurfi að standa í rúman mánuð og 3ja mánaða framkvæmdatíma og hugsanlegar tafir telur félagið rétt að sækja um framlengingu á undanþágu til 1. október 2013 og erindi þess efnis sent ráðuneytinu samtíma þessari stöðuskýrslu.

Undirritaður átti fund með fulltrúa Umhverfisstofnunar, Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 13.12.2012, þar sem farið var yfir stöðu þessara mála og væntanlegar mengunarmælingar á gömlu lóðunum. Á þeim fundi var aðilum gert viðvart að til framlengingar muni koma. Var þeirri stöðu sýndur skilningur.

Virðingarfyllst,
f.h. Olúdreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi